



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 19. janúar 2026
Málsnúmer: 202512-0024
MH

Efni: Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032, Katanesvegur Grundartanga, vinnslutillaga

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar sem barst Náttúrufræðistofnun í gegnum Skipulagsgátt þann 11. desember 2025, þar sem óskað var umsagnar um vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032. Breytingin felur í sér að athafnasvæði AT5 við Katanesveg á Grundartanga er felld út og í stað þess skilgreint nýtt iðnaðarsvæði (I11), alls um 49 ha að stærð. Á hluta svæðisins er fyrirhugað landeldi með allt að 28.000 tonna árlega framleiðslu.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um skipulagslýsingu fyrir sömu aðalskipulagsbreytingu, dags. 19. september 2025, og umhverfismatsskýrslu fyrir fyrirhugað landeldi, dags. 12. janúar 2026. Stofnunin hefur farið yfir vinnslutillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Náttúruverndarsvæði og fjöruvistgerðir

Í kafla 2.2 um náttúrufar segir að Hvalfjörður sé á B-hluta náttúruminjaskrár. Vert er að leiðrétta það, þar sem svæðið hefur ekki verið samþykkt á framkvæmdaáætlun, heldur er það meðal tillögunsvæða Náttúrufræðistofnunar. Um svæðið gilda því ekki réttaráhrif skráningar á B-hluta. Hins vegar er skráning strandlengju Hvalfjarðar á C-hluta náttúruminjaskrár í fullu gildi. Til viðbótar er Hvalfjörður skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði.

Í umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að frá fiskeldinu verði lagðar lagnir út í sjó sem þvera hverfisverndað svæði meðfram ströndinni. Það muni hafa rask í för með sér sem hefur neikvæð áhrif á verndina. Til að draga sem mest úr raski þurfi að setja skilmála í deiliskipulag um framkvæmd og frágang lagnanna. Náttúrufræðistofnun tekur undir að beint rask vegna framkvæmda við sjóinntöku- og frárennislagnir í fjörum mun valda staðbundnum áhrifum á lífríki fjörunnar á svæði sem nýtur hverfisverndar, sem er auk þess á C-hluta náttúruminjaskrár og hluti af tillögu stofnunarinnar á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela. Í umhverfismatsskýrslu fyrir fyrirhugað landeldi er áhrifin talin óveruleg en þar er þó ekki vikið að samlegðaráhrifum vegna mengunar frá annarri starfsemi á Grundartanga. Í ljósi varúðarsjónarmiða og umfangs fyrirhugaðs landeldis telur Náttúrufræðistofnun ekki útilokað að áhrif á lífríki fjörunnar og sjávar geti orðið nokkuð neikvæð.

Ein af forsendum þess að Hvalfjörður er meðal tillögunsvæða Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruminjaskrár eru fjöruvistgerðir á svæðinu. Í fyrirbyggjandi gögnum um aðalskipulagsbreytinguna er ekki fjallað um fjöruvistgerðir en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er líklegt að fjöruvistgerðina klóþangsfjöruvist sé þar að finna, en hún hefur mjög hátt verndargildi. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið æskilegt að kortleggja fjöruvistgerðir á svæðinu þar sem fyrir liggur að leggja þarf lagnir um fjöruna og jafnvel þörf á að fleyga eða sprengja rásir í og við strandlengjuna til að koma þeim fyrir. Stofnunin telur afar brýnt að tryggja að útfærsla deiliskipulags og framkvæmdaleyfa taki mið af verndargildi strandlengjunnar í heild, bæði hvað varðar ásýnd, fjöruvistgerðir og fuglalíf.



Landvistgerðir og gróðurfar

Í greinargerð vinnslutillögunnar kemur fram að áhrif skipulagsbreytingarinnar á vistgerðir og gróður séu óveruleg, þar sem ákvörðun um rask á svæðinu lá þegar fyrir með skilgreiningu þess sem athafnasvæði. Fram kemur að vistgerðir innan svæðisins séu einkum endurheimtar votlendisvistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi, sem þó eru raskaðar. Náttúrufræðistofnun telur ekki að unnt sé að draga þá ályktun án frekari rökstuðnings, enda er efnislegur munur á athafnasvæði með ótilgreindri, hugsanlega léttari starfsemi og iðnaðarsvæði með heimild til stórfellds landeldis og annarrar iðnaðarstarfsemi og þar með varanlegrar mannvirkjagerðar. Þannig jafngildir skipulagsákvörðun ein og sér ekki röskun á vistgerðum og breytt landnotkun úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði, með heimild til umfangsmikillar starfsemi, felur í sér nýjar forsendur fyrir rask á gróðri og vistgerðum.

Skipulagssvæðið er algróið og þar ríkja votlendis- og graslendisvistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi. Nýlega endurheimt votlendi við Katanestjörn leiðir af sér að votlendi á svæðinu er í framrás og útbreiðsla þess líkleg til að aukast ef til framkvæmda kæmi ekki. Í umhverfismatsskýrslu fyrir landeldi á svæðinu kemur fram að svæðið verði fyrir miklu raski vegna uppbyggingar landeldismannvirkja og að ekki sé hægt að útiloka rask á nálægum svæðum þar sem votlendi er umtalsvert. Náttúrufræðistofnun telur að í ljósi þeirrar gróðurframvindu sem endurheimt votlendis hefur leitt af sér sé ekki hægt að útiloka að umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar á gróður og vistgerðir verði talsvert neikvæð.

Fuglalíf

Hvalfjörður er mikilvægt svæði fyrir fuglalíf, bæði á varptíma, fartíma og að vetrarlagi. Í vinnslutillögu skipulagsbreytingarinnar er ekki fjallað um hvernig breytt landnotkun getur haft áhrif á fugla, þar með talið búsvæði þeirra, truflun og fælingaráhrif, tap eða skerðingu á fæðu- og varpsvæðum og fuglalíf að vetrarlagi. Í greinargerð vinnslutillögunnar er ekki að finna umfjöllun um áhrif skipulagsbreytingarinnar á fuglalíf.

Í umhverfismatsskýrslu fyrir landeldið kemur fram að fuglalíf sé fjölbreytt bæði á varptíma og fartíma. Þar kemur jafnframt fram að búsvæði fuglategunda raskist af framkvæmdinni, sérstaklega þeirra sem nýta sér votlendi og graslandi sem varp- og fæðuöflunarsvæði en einnig munu framkvæmdir raska að hluta fjörubúsvæðum. Truflandi áhrif geta orðið á framkvæmdatíma og á rekstrartíma munu tegundir sem eru viðkvæmari fyrir áreiti einnig geta orðið fyrir truflun. Áhrif landeldis á fuglalíf eru metin nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en óverulega neikvæð á rekstrartíma. Í matið vantar umfjöllun um áhrif á fugla að vetrarlagi. Þá er í umfjöllun um áhrif á fuglalíf ekki ávarpað hvort áhrif á lífríki í viðtaka geti haft áhrif á fuglalíf, en ljóst að ýmsar fuglategundir nýta sér fjöru- og sjávarlífríki til fæðuöflunar og ef rask verður á því fæðuframboði vegna áhrifa frá rekstri lagareldisins, þarf að taka það með inn í matið eins og hægt er. Sökum þess að í umfjöllunina vantar lykilumfjöllun er að mati Náttúrufræðistofnunar ekki hægt að útiloka að sumar fuglategundir geti orðið fyrir talsvert neikvæðum áhrifum af framkvæmdinni.

Í ljósi þess að aðalskipulagsbreytingin felur í sér rýmkun iðnaðarnotkunar á svæði sem liggur að mikilvægu fuglasvæði telur Náttúrufræðistofnun nauðsynlegt að tryggt sé að deiliskipulag og framkvæmd leyfa taki mið af hugsanlegum áhrifum á fuglalíf allt árið um kring, þar á meðal truflun, fælingaráhrif og tap búsvæða.

Landslag og ásynd

Í greinargerð vinnslutillögunnar eru áhrif þess að breyta athafnasvæði í iðnaðarsvæði á land og landslag metin óveruleg, þar sem ákvörðun um rask og uppbyggingu var fyrir hendi í gildandi aðalskipulagi.

Mannvirki sem tengjast fyrirhuguðu landeldi koma til með að vera umfangsmikil og áberandi og breyta ásynd svæðisins mikið. Gera má ráð fyrir svipuðum áhrifum vegna annarrar iðnaðarstarfsemi sem heimiluð verður innan iðnaðarsvæðisins. Í umhverfismatsskýrslu fyrir landeldið eru áhrif á landslag og



ásýnd metin nokkuð neikvæð. Náttúrufræðistofnun telur jafnvel að út frá ákveðnum sjónarhornum getir ásýndaráhrifin verið það mikil að staðbundin áhrif geti verið talsvert neikvæð. Þá er framkvæmdin talin marka stórt skref í áframhaldandi breytingu landslags Hvalfjarðar í átt að manngerðu landslagi.

Samlegðaráhrif og uppsafnað álag

Á Grundartanga er þegar umfangsmikil iðnaðarstarfsemi sem veldur staðbundnu álagi á vistkerfi og lífríki, bæði á landi og í sjó. Með skilgreiningu nýs iðnaðarsvæðis og heimild til frekari uppbyggingar eykst hætta á uppsöfnuðum áhrifum á viðkvæma viðtaka, s.s. votlendi, fjörur og grunnsævi. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við útfærslu aðalskipulagsbreytingarinnar, deiliskipulags og leyfisveitinga verði sérstaklega fjallað um samlegðaráhrif og þolmörk svæðisins í heild, þannig að ekki verði gengið of nærri verndargildi Hvalfjarðarstrandar til lengri tíma.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur